

# Afgreiðsla

## Einstaklingur ekki skráður á heilsugæslustöð

### Hvar sést skráning einstaklings á heilsugæslu í Sögu?

#### *Hvernig er hægt að sjá hvort einstaklingur er skráður á heilsugæslustöð eða ekki?*

Það er hægt að sjá skráningu einstaklings á heilsugæslu á nokkrum stöðum í Afgreiðslu.

1. Notandi vinstri-smellir á tímabókun einstaklings og velur **Ctrl + W** á lyklaborðinu. Við það verður einstaklingur að kerfissjúklingi og í sjúklingastiku sést nafn heilsugæslu sem viðkomandi er skráður á.

The screenshot shows the 'Afgreiðsla' software interface. At the top, there is a navigation bar with 'Saga', 'Afgreiðsla', 'Finna', 'Prenta', and 'Uppsetning'. Below this is a sidebar with various icons for navigation. The main area displays a patient's profile for 'Jóna Jónsdóttir' with ID '010170-5599' and age '50 ára'. A red box highlights the patient's name in the schedule, and a red arrow points to it with the text 'Vinstri smella og velja Ctrl + W'. The interface includes a calendar for 'janúar 2020' and a list of appointments with times ranging from 08:00 to 13:15. The patient's name 'Jóna Jónsdóttir' is visible in the schedule, indicating they are registered for the appointment.

Ef heilsugæsla sést ekki í sjúklingastiku þá þarf að biðja kerfisstjóra að skoða Sögustundina „[Heimilislæknir og heilsugæsla sýnileg í sjúklingastiku í Sögu 2017.1](#)“. Í þessari Sögustund er fjallað um hvernig á að stilla þetta, en það er gert í stilligildi 7000.

- Notandi velur „Afgreiða“ og í komuglugganum sem opnast sést heilsugæsla viðkomandi einstaklings.

### Komugluggi sýnir heilsugæslustöð:

**Koma** ✕

**Persónuupplýsingar**

Kennitala: 010170-5599      Póstnúmer: 105 ✎ Breyta

Nafn: Jóna Jónsdóttir      Sveitarfélag: Reykjavík

Heimilisfang: Borgartún 37      Farsími:

Sími: 4445555      Netfang:

**Upplýsingar um skráningu**

Gjaldflokkur: Almennur (18-66 ára)

Heimilislæknir: Vera Heilsudóttir

**Heilsugæslustöð**: Heilsugæsla Veru

Afsláttarkort nr.       Gildistími:

Sjúkrabj.afsláttarkort       Gildistími:

**Koma**

Upplýsingar um koma | Starfsfólk | Tilvísun | ⚡ Athugasemdir

Dags. og tími: 02.01.2020 09:30

Forgangsröð:       Síðasta koma: Nýkoma - 21.11.2019 08:00

Deild:       Staðsetning: Biðstofa

Raðnúmer:       Fylgd / Flutningur:

Breytt af:       Gjaldfrítt vegna: Annað

Form tímabókunar: Aðgerð      Aðfang:

Tegund komu:  Nýkoma     Endurkoma    Tengd nýkoma:

3. Í **afgreiðsluglugganum** getur notandi líka séð heilsugæslu sem einstaklingur er skráður á með því að smella á „Breyta“ og þá opnast Persónuupplýsingaglugginn.

The screenshot shows the 'Afgreiða' (Billing) window. On the left is a list of services including 'Óflökkað', 'Vottorð', 'Bólusetningar', 'Komugjöld', 'Vakt', 'Matur', and 'Virðisaukaskattskyld þjónusta'. The main area shows patient information for 'Jóna Jónsdóttir' with a 'Breyta' button highlighted in a red box. Below this is a table of bills with columns for 'Gjaldaliðir til greiðslu nú', 'Fjöldi', 'Gjaldskránr.', and 'Prentað'. The total amount is 0. At the bottom, there are sections for 'Greiðsluform' (payment methods like Staðgreitt, Visa, Mastercard), 'Skuldfæra' (billing type), and 'Útgátudagur / tími kvittunar' (invoice date and time).

Notandi getur því á nokkrum stöðum séð hvort hann eigi að rukka einstakling um 700 krónur (skráður á heilsugæslustöð) eða 1200 krónur (ekki skráður á heilsugæslustöð).

Með kveðju  
Origo Heilbrigðislausnir